

Borgarráð

Viðauki við fjárhagsáætlun 2024

1. Dagforeldrar

Lagt er til að fjárheimildir skóla- og frístundasviðs verði hækkaðar um 130.000 þ.kr. vegna eflingar á dagforeldrakerfinu. Kostnaðaraukinn verði fjármagnaður af kostn.st. 09205, ófyrirséð.

Svið	Kostn.st.		Fjárhæð (þkr.)
ÖNN	09205	Ófyrirséð (ÖNN)	Frá -130.000
SFS	xxx	Dagforeldrar	Til 130.000
Samtals			0

Breytingin hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu eða fjárflæði A-hluta Reykjavíkurborgar eða samstæðu. Ekki er talin þörf á jafnréttisskimun.

Greinargerð:

Vísað er til samþykktar borgarráðs, 28. september 2023, máls SFS23060023 þar sem samþykktar voru tillögur að úrræðum vegna dagforeldramála. Tillögurnar fela í sér breytingar á gjaldskrá, niðurgreiðslum ásamt stofn- og aðstöðustyrkjum.

2. Sumarstörf fyrir 17 ára

Lagt er til að gerðar verði eftirfarandi breytingar á fjárheimildum á ÖNN vegna sumarstarfa fyrir 17 ára.

Svið	Kostn.st.		Fjárhæð (þkr.)
ÖNN	09205	Ófyrirséð (ÖNN)	Frá -50.600
ÖNN	07150	Atvinnumál	Til 50.600
Samtals			0

Breytingin hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu eða fjárflæði A-hluta Reykjavíkurborgar eða samstæðu. Jafnréttisskimun hefur farið fram og ekki er talin þörf á jafnréttissmati.

Greinargerð:

Vísað er til samþykktar borgarráðs, 11. apríl 2024, máls MOS23020002, Tillaga að þróunarverkefni um sumarstörf fyrir 17 ára ungmenni þar sem áætlað er að bjóða allt að 50 sumarstörf fyrir 17 ára einstaklinga í viðkvæmri stöðu. Áætlaður heildarkostnaður vegna 50 ráðninga í 8 vikur er 50.600 þ.kr.

3. Heilsustefna Reykjavíkurborgar

Lagt er til að fjárheimildir mannauðs- og starfsumhverfissviðs verði hækkaðar um 85.258 þ.kr. vegna heilsustefnu fyrir vinnustaðinn Reykjavíkurborg. Kostnaðaraukinn verði fjármagnaður af kostn.st. 09205, ófyrirséð.

Svið	Kostn.st.			Fjárhæð (þkr.)
ÖNN	09205	Ófyrirséð (ÖNN)	Frá	-85.258
MOS	01450	Stuðnings- og ráðgjafateymi	Til	17.000
SFS	xxx	Hækkun á samgöngu- og heilsuræktarstyrk	Til	45.683
VEL	xxx	Hækkun á samgöngu- og heilsuræktarstyrk	Til	12.754
MIR	xxx	Hækkun á samgöngu- og heilsuræktarstyrk	Til	3.251
USK	xxx	Hækkun á samgöngu- og heilsuræktarstyrk	Til	2.817
ÞON	xxx	Hækkun á samgöngu- og heilsuræktarstyrk	Til	2.000
RHS	xxx	Hækkun á samgöngu- og heilsuræktarstyrk	Til	802
FAS	xxx	Hækkun á samgöngu- og heilsuræktarstyrk	Til	774
MOS	xxx	Hækkun á samgöngu- og heilsuræktarstyrk	Til	177
Samtals				0

Breytingin hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu eða fjárflæði A-hluta Reykjavíkurborgar eða samstæðu. Ekki er talin þörf á jafnréttisskimun.

Greinargerð:

Vísað er til samþykktar borgarráðs, 26. september 2023, máls MOS22080017 þar sem samþykkt var heilsustefna fyrir vinnustaðinn Reykjavíkurborg og þær þrjár aðgerðir sem áætlað er að komi til framkvæmda á árinu 2024. Þessar þrjár aðgerðir eru hækkun á heilsuræktarstyrk, hækkun á samgöngustyrk og stofnun stuðnings- og ráðgjafateymis.

4. Framtíðarstaðsetning skotíprótta á höfuðborgarsvæðinu

Lagt er til að fjárheimildir skrifstofu borgarstjóra og borgarritara hækki um 5.424 þ.kr. vegna kostnaðarþátttöku Reykjavíkurborgar í verkefni um framtíðarstaðsetningu skotíprótta. Kostnaðaraukinn verði fjármagnaður af kostn.st. 09205, ófyrirséð.

Svið	Kostn.st.			Fjárhæð (þkr.)
ÖNN	09205	Ófyrirséð (ÖNN)	Frá	-5.424
SBB	xxx	Kostnaðarþátttaka í verkefni SSH	Til	5.424
Samtals				0

Breytingin hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu eða fjárflæði A-hluta Reykjavíkurborgar eða samstæðu. Ekki er talin þörf á jafnréttisskimun.

Greinargerð:

Lagt er til að skrifstofa borgarstjóra og borgarritara fái fjárheimildir til að mæta kostnaði við kostnaðarþátttöku í verkefni á vegum samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu um framtíðarstaðsetningu skotíprótta á höfuðborgarsvæðinu.

5. Launa- og starfsmannakostnaður

Lagt er til að fjárheimildir skrifstofu borgarstjóra og borgarritara hækki um 25.000 þ.kr. vegna breytinga á launa- og starfsmannakostnaði. Kostnaðaraukinn verði fjármagnaður af kostn.st. 09126, launa- og starfsmannakostnaður.

Svið	Kostn.st.			Fjárhæð (þkr.)
ÖNN	09126	Launa- og starfsmannakostnaður	Frá	-25.000
SBB	xxx	Breyting á launakostnaði borgarstjórnar	Til	25.000
Samtals				0

Breytingin hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu eða fjárflæði A-hluta Reykjavíkurborgar eða samstæðu. Ekki er talin þörf á jafnréttisskimun.

Greinargerð:

Lagt er til að skrifstofa borgarstjóra og borgarritara fái fjárheimildir til að mæta breytingum á launa- og starfsmannakostnaði sem hefur orðið innan skrifstofunnar.

6. Breytingar á starfsmati vegna jöfnun launa

Lagt er til að fjárheimildir skóla- og frístundasviðs, velferðarsviðs og þjónustu- og nýsköpunarsviðs verði hækkaðar um 401.552 þ.kr. vegna breytingar á skipan lífeyrismála opinberra starfsmanna. Kostnaðaraukinn verði fjármagnaður af kostn.st. 09126, launa- og starfsmannakostnaður.

Svið	Kostn.st.			Fjárhæð (þkr.)
ÖNN	09126	Launa- og starfsmannakostnaður	Frá	-401.552
SFS	xxx	Kjarabætur - Jöfnun launa	Til	349.155
ÞON	xxx	Kjarabætur - Jöfnun launa	Til	12
VEL	xxx	Kjarabætur - Jöfnun launa	Til	52.385
Samtals				0

Breytingin hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu eða fjárflæði A-hluta Reykjavíkurborgar eða samstæðu. Ekki er talin þörf á jafnréttisskimun.

Greinargerð:

Vísað er til áfangasamkomulags á grundvelli 7. gr. samkomulags aðila um breytingar á skipan lífeyrismála opinberra starfsmanna frá september 2016. Nefndin hefur þó ekki komist að endanlegri niðurstöðu um útfærslu framkvæmdarinnar en aðilar hafa náð saman um að opinberir laungreiðendur leggi fram 1.808 m.kr. til að leiðrétta hópa þar sem vísbendingar eru um að launamunur sé til staðar á milli markaða og að munurinn kunni að vera kerfislægur og ómálefnalegur. Um er að ræða áfanga sem kemur til framkvæmda á árinu 2024. Ofangreindar upphæðir eru því afturvirktil til ársins 2023 og fyrir árið 2024.

7. Kjaranefndarraðaðir stjórnendur

Lagt er til að fjárheimildir fagsviða og miðlægrar stjórnsýslu hækki um 85.420 þ.kr. vegna ákvörðunar kjaranefndar Reykjavíkurborgar frá 12. febrúar 2024 um kjör þeirra

stjórnenda sem undir hana heyra. Kostnaðaraukinn verður fjármagnaður af kostn.st. 09126, launa- og starfsmannakostnaður. Fjármála- og áhættustýringarsviði verði falin útfærsla á svið og starfseiningar.

Svið	Kostn.st.			Fjárhæð (þkr.)
ÖNN	09126	Launa- og starfsmannakostnaður	Frá	-85.420
xxx	xxx	Kjaranefndarraðaðir stjórnendur	Til	85.420
			Samtals	0

Breytingin hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu eða fjárflæði A-hluta Reykjavíkurborgar eða samstæðu. Ekki er talin þörf á jafnréttisskimun.

Greinargerð:

Kjaranefnd Reykjavíkurborgar er sjálfstæð stjórnsýslunefnd sem ákvarðar um kjör stjórnenda sem ekki eru í stéttarfélögum. Kjaranefnd hefur ákvarðað um hækkun launatöflu um 66.000 kr. frá 1. júní 2023. Ofangreindar upphæðir eru afturvirktil til 1. júní 2023 og til lok árs 2024. Ákvarðanir kjaranefndar hafa ekki áhrif á laun borgarstjóra, né borgarstjórnar, en borgarstjóri og borgarstjórn afþökkuðu sem kunnugt er hækkanir kjararáðs ríkisins á sínum tíma og hefur þróun launa viðkomandi fylgt launavísitölu síðan.

8. Skipulagsbreytingar á fjármála- og áhættustýringarsviði

Lagt er til að fjárheimildir fjármála- og áhættustýringarsviðs hækki um 32.000 þ.kr. vegna samþykktra skipulagsbreytinga. Fjárheimildir færast af öðrum sviðum skv. sundurliðun hér fyrir neðan.

Svið	Kostn.st.			Fjárhæð (þkr.)
FAS	xxx	Fjármála- og áhættustýringarsvið	Til	32.000
USK	xxx	Umhverfis- og skipulagssvið	Frá	-5.333
SFS	xxx	Skóla- og fristundasvið	Frá	-10.667
VEL	xxx	Velferðarsvið	Frá	-10.667
MÍR	xxx	Menningar- og íþróttasvið	Frá	-5.333
			Samtals	0

Breytingin hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu eða fjárflæði A-hluta Reykjavíkurborgar eða samstæðu. Ekki er talin þörf á jafnréttisskimun.

Greinargerð:

Vísað er til samþykktar borgarráðs, 24. september 2023, máls FAS22090033 þar sem samþykkt var tillaga að breyttu skipulagi fjármála- og áhættustýringarsviðs og skipan verkefna á sviði fjármála, innkaupa og áhættustýringar og nýrri stefnu fjármála- og áhættustýringarsviðs. Tillagan fól í sér flutning verkefna frá öðrum sviðum sem nú er verið að framkvæma og tekur tillagan mið af því að breytingin taki gildi frá og með 01. september 2024.

9. Breytingar á verktakakostnaði

Lagt er til að fjárheimildir skrifstofu borgarstjóra og borgarritara hækki um 12.500 þ.kr. vegna verktakasamninga. Kostnaðaraukinn verði fjármagnaður af kostn.st. 09205, ófyrirséð.

Svið	Kostn.st.			Fjárhæð (þkr.)
ÖNN	09205	Ófyrirséð (ÖNN)	Frá	-12.500
SBB	09204	Sérstakar athuganir og úttektir	Til	12.500
			Samtals	0

Breytingin hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu eða fjárflæði A-hluta Reykjavíkurborgar eða samstæðu. Ekki er talin þörf á jafnréttisskimun.

Greinargerð:

Breytingar á fjárheimildum skýrast af samningum sem gerðir hafa verið á verkefnum sem tengjast samgöngusáttmála, reksturs almenningssamgangna, viðræðna við SSSK og annarrar greiningarvinnu.

Einar Þorsteinsson
borgarstjóri